Stjórn-mál

Kapphlaup upp á líf og dauða

Málgögn ríkisstjórnarinnar heyja þessa dagana kapphlaup upp á líf og dauða um titilinn: „harðskeyttasti málsvari Ólafs og Geirs". Ekki má á milli sjá hvert málgagnið fer með sigur af hólmi í þessu broslega kapphlaupi. En baráttan virðist standa milli annars aðalmálgagns íhaldsins, dagblaðsins Vísis, og aðalmálgagns framsóknar og Sambandsins, dagblaðsins Tímans.

Tíminn og Vísir beita mjög áþekkri tækni í keppninni: sífelldum endurtekningum á ósannindum um afstöðu stjórnarandstöðuflokkanna í vinstri viðræðunum, og sífellt endurteknum hótunum um atvinnuleysi, ef launþegasamtökin makka ekki „rétt" í viðræðunum við ríkisstjórnina. Samþykki launþegasamtökin ekki í einu og öllu lögþvinganir og kauprán ríkisstjórnarinnar, bíði þeirra hin voðalega hefnd.

Það óhugnanlega í þessu efni er, að ríkisstjórnin getur komið við hefndum, fylgi hótunum einhver alvara. Spurningin er því: Vill núverandi hægri stjórn raunverulega berjast gegn atvinnuleysisvofunni?

Þó að málflutningur stjórnarblaðanna allra sé í aðalatriðum áþekkur, er hann ekki alveg eins. Vesalings Tíminn neyðist til að verja óstjórn og getuleysi fyrrverandi ríkisstjórnar jafnframt því, sem hann réttlætir í smáu sem stóru þær gífurlegu álögur, sem ríkisstjórnin hefur lagt á þjóðina á stuttum æviferli sínum. En þess verður ekki vart, að ritstjórar Tímans geri sér grein fyrir því, að Framsóknarflokkurinn ber raunverulega mesta ábyrgð á úrræðaleysi fyrrverandi stjórnar og því einnig þeim efnahagslega vanda, sem stjórnleysi hennar fæddi af sér.

Hinn furðul. málflutningur stjórnarblaðanna að undanförnu er almenningi í landinu vísbending um, að óábyrgir menn sitja nú við stjórnvölinn á Íslandi. Allir sanngjarnir menn vona af heilum hug, að viðræður ríkisstjórnarinnar og launþegasamtakanna beri jákvæðan árangur, þó að seint sé af stað farið. En hitt hlýtur öllum að vera ljóst, að jákvæður árangur næst ekki, nema leikaraskapnum verði hætt og ríkisstjórnin geti gert aðilum vinnumarkaðsins grein fyrir einhverri heildarstefnu í efnahagsmálum. Það gefur auga leið, að ekki er hægt að makka „rétt" við spilamann, sem líklegur er til að svíkja lit, hvenær sem tækifæri gefst.

H.E.H. —

Íslenskir myndlistar-menn að Kjarvalsstöðum

Haustsýning Félags íslenskra myndlistarmanna stendur nú yfir í báðum sýningarsölum Kjarvalsstaða við Miklatún. Þar eru sýnd samtals 197 verk eftir 60 höfunda, þar af eftir 39 félagsmenn og 21 utanfélagsmann.

Nú er aftur tekinn upp sá háttur að bjóða sérstökum gesti til þátttöku í haustsýningunni og er gesturinn að þessu sinni Louisa Matthíasdóttir, sem lengi hefur verið búsett í Bandaríkjunum, en verkum hennar hafa hingað til verið gerð lítil skil hér á landi, en þau eru mjög mótuð af íslenskum uppruna listakonunnar.

Louisa Matthíasdóttir er fædd í Reykjavík 1917. Hún stundaði nám í Kaupmannahöfn og síðan í París hjá Cromaire. Hún fluttist til Bandaríkjanna 1942 og stundaði nám hjá Hans Hoffmann við The Art Students League í New York. Hún hefur tekið þátt í fjölda sýninga vestra auk einkasýninga og sýnir reglulega í Robert Schoelkopf Gallery á Madison Avenue. Lousia á verk á eftirtöldum söfnum: Trenton, New Jersey, Albert Museum, Missouri og Listasafni Íslands. Hún er gift listmálaranum Leland Bell.

Á haustsýningunni á Kjarvalsstöðum eru í fyrsta sinn sýnd verk eftir íslenska leikmyndateiknara. Aðdragandi þess, að þeim var boðin þátttaka í sýningunni, er sá, að samtök norrænna leikmyndateiknara efndu til sýningar á leikmyndateikningum á leiklistarþinginu í Álaborg á síðastliðnu vori. Íslenskum leikmyndateiknurum var boðin þátttaka í sýningunni og eru sömu verkin nú sýnd á haustsýningunni. Hér á landi eru starfandi samtals tíu leikmyndateiknarar og eru þeir allir meðlimir í Félagi íslenskra leikara.

Ellefu íslenskir myndlistarmenn taka nú í fyrsta sinn þátt í haustsýningu Félags íslenskra myndlistarmanna.

Alls bárust sýningarnefndinni 366 myndverk, en eins og áður er fram komið, fengu aðeins tæplega helmingur þeirra náð fyrir nefndinni og eru sýnd á sýningunni. — Sýningin hófst 7. september og lýkur sunnudaginn 22. september. —




Nýlega hefur Verslunin Fjarðarkaup H/F (matvörumarkaður) í Hafnarfirði aukið verulega við verslunarhúsnæði sitt. Verslunin bindur ekki afslátt við vissa fjárhæð eða afsláttarkort, heldur eru allar vörur verðmerktar með afsláttarverði. Með tilkomu hins nýja húsnæðis hefur verið bætt við landbúnaðarvörum. Sótt hefur verið um leyfi til mjólkursölu en enn sem komið er hefur ekki fengist svar við umsókn þeirri.

Gera má ráð fyrir, að Hafnfirðingar og aðrir nærsveitungar kunni vel að meta þessa vöruvalsaukningu Fjarðarkaups H/F.

Verslunin er opin alla virka daga frá 9—12 og 1—6, föstudaga til kl. 22 og laugardaga frá 9—12.


Aðaleigendur fyrirtækisins eru Sigurbergur Sveinsson og Bjarni Blomsterberg.



„Ef þú vinnur, tekur þú pilluna, en ef ég vinn, tek ég svefnpilluna."

„Æ, góði Gissur vertu nú ekki að leika neinn Jónas."







Ný traktorsgrafa

TIL LEIGU: Uppl. í síma 85327 og 36983.

Sendisveinar

óskast fyrir og eftir hádegi. — Þurfa helst að hafa hjól.

alþýðu blaðið

sími 14900

Hafnarfjarðar Apótek

Opið öll kvöld til kl. 7

Laugardaga til kl. 2

Helgidaga kl. 2 til 4.

Alþýðubankinn hf

BLÓMABÚÐIN DÖGG

ALFHEIMUM 6

SÍMI: 33978 — 82532

BLÓMASKREYTINGAR

KRON

ÞAÐ BORGAR SIG AÐ VERZLA Í KRON

DÚNA

í GLÆSIBÆ

sími 84200